

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Vesturbæjarlaug – Hofsvallagata 54 – USK24080295.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, 13. mars 2025, tillögu að breytingu á deiliskipulagi Vesturbæjarlaugar, lóð nr. 54 við Hofsvallagötu. Í breytingunni felst breyting á skipulagsmörkum. Innan nýja deiliskipulagssvæðisins eru skilgreindar fjórar lóðir, ný afmörkun fyrir lóð Vesturbæjarlaugar og Vesturborgar, ný lóð undir veitingavagn og ný lóð fyrir grenndarstöð. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Lambhagavegur 14 – USK23070113.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, 8. maí 2025, tillögu að breytingu á deiliskipulagi Stekkjarbrekkna – Hallsvegur suður vegna lóðarinnar nr. 14 við Lambhagaveg vegna nýrrar endurvinnslustöðvar Sorpu á lóð. Í breytingunni felst að fyrirkomulagi byggingarreits á lóð er breytt ásamt því að byggingarreiturinn er stækkaður og byggingarmagn aukið. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Nýr Landspítali við Hringbraut (rofastöðvar) – USK25040379.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 8. maí 2025, breytingu á deiliskipulagi nýs Landspítala við Hringbraut vegna rofastöðvar. Í breytingunni felst að afstaða og lögun byggingarreits, og þjónustuaðkomu er lítillega breytt. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 28. maí 2025.

Brynjar Þór Jónasson skipulagsfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 28. maí 2025